

281. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 23. nóvember 2016 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Kristjana Hermannsdóttir
Björn H Hilmarsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæraritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að því búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

- 1) **Matsáætlun leikskóla Snæfellsbæjar o.fl. – leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar mæta á fundinn til að fylgja skýrslunni eftir.**
Ingigerður Stefánsdóttir, leikskólastjóri, og Adela Turloiu, aðstoðarleikskólastjóri á Kríubóli, mættu á fundinn. Voru þær boðnar velkomnar og var svo farið yfir matsáætlunina. Var áætluninni vísað til samþykktar í bærarstjórn. Viku Adela og Inga nú af fundi og var þeim þökkuð koman.
- 2) **Bréf frá Hafnasambandi Íslands, dags. 16. nóvember 2016, varðandi ályktun 40. hafnasambandsþings um umhverfismál.**
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Bréf frá sjúkraliðum á Jaðri, dags. 8. nóvember 2016, varðandi bakvaktir.**
Þær breytingar sem lagðar eru til í bréfi sjúkraliðanna eru afar kostnaðarsamar fyrir heimilið. Þar sem Jaðar stendur nú þegar ekki undir kostnaði, telur bæjarráð ekki forsvaranlegt að fallast á þær. Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela forstöðumanni Jaðars að finna ásættanlega lausn á þessu máli án þess að til komi kostnaðarauki fyrir heimilið.
- 4) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 17. nóvember 2016, varðandi Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynningu 2017.**
Lagt fram til kynningar.
- 5) **Hundaleyfisumsókn: Patrycja Pienkowska sækir um að fá að halda hundinn Bellu.**
Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.
- 6) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. nóvember 2016, varðandi nýjar úthlutunarreglur Námsgagnasjóðs.**
Lagt fram til kynningar.
- 7) **Bréf frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 15. nóvember 2016, varðandi tilnefningar í Breiðafjarðarnefnd.**
Ákvörðun um tilnefningar sveitarfélaga á Snæfellsnesi var tekin á fundi Héraðsnefndar Snæfellinga þann 8. nóvember og vill Snæfellsbær fara fram á það við ráðuneytið að farið verði eftir þeim tilnefningum sem fram komu í bréfi nefndarinnar til ráðuneytisins.
- 8) **Stefna og viðbragðsáætlun Snæfellsbæjar vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis á vinnustað.**
Farið var yfir stefnuna og samþykkti bæjarráð samhljóða að vísa henni til endanlegrar samþykktar í bærarstjórn.
- 9) **Gjaldskrár Snæfellsbæjar fyrir árið 2017.**
Farið var yfir gjaldskrártillögur Snæfellsbæjar fyrir árið 2017. Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa gjaldskránum til samþykktar í bærarstjórn.
- 10) **Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar fyrir árið 2017.**
Farið var yfir fjárhagsáætlun 2017, en engar breytingar hafa verið gerðar frá fyrri umræðu í bærarstjórn.

Handwritten signatures and initials:
BAA
F.S
K.A.
F.S.

Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar til seinni umræðu í bæjarstjórn.


11) Minnispointar bæjarstjóra.


- a) Bæjarstjóri sagði frá nýjasta útkalli slökkviliðs Snæfellsbæjar og hversu ánægjulegt það var að sjá góða samvinnu á milli slökkviliða á Snæfellsnesi og í Borgarbyggð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:40


Kristjana Hermannsdóttir


Björn H Hilmarsson


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari